VERKALÝÐS BLAÐIÐ

ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR
ALLRA LANDA
SAMEINIST!

Október

Frá Október-búðinni Óðinsgötu 30

Nú höfum við mikið af góðum hljómplötum frá Svíþjóð. Höfum ávallt úrval bóka á á Norðurlandamálum og úrval enskra bóka fer vaxandi. Á íslensku höfum við að sjálfsögðu allt útgáfuefni Októberforlagsins og að auki talsvert af góðum bókum frá öðrum forlögum, þ.á.m. verk frumkvöðla sósíalismans.

Blöð og tímarit nokkurra erlendra kommúnistaflokka og alþýðuhreyfinga liggja frammi til lestrar og sum einnig til sölu.

Lítið endilega við einhvern tíma milli kl.5 og 7 á virkum degi eða milli kl. 1 og 3 á laugardegi.

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista)

8.Tbl. 4. árg. 1.- 16. maí 1978 100 kr.

Sameining þjóðfrelsisaflanna í Eritreu

Þann 20.apríl s.l. sameinuðust þjóðfrelsishreyfingarnar tvær í Erítreu, ELF og EPLF, undir eina pólitíska forystu. Þessi einingarbarátta hefur staðið í 7 ár og hafa erítreska alþýðan og hermenn staðið í fararbroddi fyrir henni. Erítreska alþýðan hefur barist í 17 ár fyrir þjófrelsi, gegn nýlenduveldi og keisaraveldinu í Eþíópíu og nú gegn sovésku heimsvaldastefnunni, sem þrengt hefur sér inn í Afríku með vopn,hernaðarsérfræðinga og hermenn. Það er ljóst að ef alþýðan í Erítreu stæði sundruð andspænis innrásar- og afturhaldsöflum sovésku heimsvaldastefnunnar og bandamönnum hennar í Afríku, þá yrði hún auðveld bráð. Því er ekki til að dreifa og Verkalýðsblaðið fagnar því að nú hefur náðst pólitísk eining milli þjóðfrelsishreyfinganna. Þessa einingu verður að varðveita. Við skulum minnast þess hvernig borgarastríðið í Angólu varð til þess að opna leiðina fyrir sovésku heimsvaldastefnuna, með því að hún lét einni þjóðfrelsishreyfingu í té ótakmarkað magn af vopnum og sendi til landsins kúbanska hermenn.

Styðjum baráttuna fyrir frjálsri Erítreu!

Frá samfylkingargöngunni í Khartoum í Súdan í fyrra haust. EPLF til vinstri og ELF til hægri. Á borðunum má sjá sameiningarkjörorðin: "Fram til stofnunar lýðræðisfylkingar" og "Alþýðufjöldinn mun sigra". (Mynd: KLASSEKAMPEN)

Verkafólkið hratt atlögu atvinnurekenda

– ASÍ foringjar reyndu að "stilla til friðar'



Samstaða verkafólksins á Kirkjusandi færði þeim sigur í baráttunni gegn brottrekstrarhótunum atvinnurekenda Mynd:Verkalýðsblaðið

Föstudaginn 14. apríl ætluðu nokkrar verkakonur í fiskiðjuverinu á Kirkjusandi í Reykjavík að hætta vinnu að loknum dagvinnutíma kl. 17.00, en ætlun yfirmanna á Kirkjusandi var að láta vinna til kl. 19.00 án þess að hafa talað um það við verkafólkið. Hótuðu yfirmennirnir því þá að þær yrðu allar reknar á stundinni. Báru þeir því fyrir sig, að forystulið Verkakvennafélagsins Framsóknar og Dagsbrúnar hafi lagt blessun sína yfir þann sérstæða skilning þeirra á vinnufyrirkomulaginu á Kirkjusandi, að fiskverkunarkonur væru skyldar að vinna yfirvinnu þegar atvinnurekendunum sýndist svo! Þetta er auðvitað fjarstæða, en eftir að brottrekstrarhótanir Kirkjusandsstjóranna lágu á borðinu hættu nokkrar konur við að leggja niður störf umræddan dag. Önnur trúnaðarkona Framsóknar á staðnum, Brynja Óskarsdóttir, og önnur kona til hættu hins vegar kl. 17.00. Mánudagsmorguninn 17. apríl, þegar

Sjá bls. 3

"Þetta er fyrst og fremst sigur verkafólksins sjálfs,en ekki verkalýðspáfanna", segja þau Brynja Óskarsdóttir og Bjarni Jónsson, trúnaðarmenn verkafólksins á Kirkjusandi í viðtali við Verkalýðsblaðið.

Sjá bls. 3

ERITREU FUNDUR 3. MAÍ

EIK(m-l) hefur boðið til Íslands fulltrúa frelsishreyfinganna ELF og EPLF í Eritreu í Afríku, en þessar hreyfingar hafa staðið í fylkingarbrjósti vopnaðrar frelsisbaráttu Eritreumanna gegn heimsvaldasinnum síðustu 17 ár. Nú síðast eru það Sovétmenn og Kúbanir sem lagt hafa Eþíópíu lið í því að slökkva frelsiseldana í Eritreu.

Eritreumaðurinn mun koma fram á fundum SAMFYLKINGAR 1. MAÍ í Reykjavík, en einnig er áformaður fundur á vegum EIK(m-l) í Félagstofnun stúdenta miðvikudaginn 3. maí kl. 20.30. Þar mun félaginn frá Eritreu koma og kynna baráttuna þar. Gefst mönnum þar einstakt tækifæri til að kynnast málum Eritreumanna frá fyrstu hendi. Mætum öll!

Bændafundir Lúðvíks

KENNSLUSTUND Í LÝÐSKRUMI

Athygli hefur vakið hve mjög Alþýðubandalagið leggur sig nú eftir því að vinna hylli bænda í sveitum landsins. Flengist Lúðvík Jósepsson með aðra þingmenn Abl. í eftirdragi út og suður og talar með tungu lipurri til þessa þjóðfélagshóps, sem hingað til hefur verið að mestu haldið innan óvinnandi virkisveggja Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks. Bændafólk hefur ekki farið varhluta af kreppu auðvaldsins, sem sífellt dýpkar og herðist, og nú hefur forysta Stéttarsambands bænda tekið höndum saman við ríkisvaldið um að velta "landbúnaðarkreppunni" (sem í raun er aðeins angi af alhliða kreppu auðvaldsskipulagsins alls) yfir á bændur, fyrst og fremst smá- og meðalbændur. Er þannig stefnt að því að bændur sjálfir greiði óbeint útflutningsbætur með búvörum og fóðurbætir verði skattlagður aukalega.

"Stefna" sú sem Lúðvík og Abl-foringjarnir boða nú í sveitunum er hreinræktað lýðskrum, ætlað til atkvæðaveiða í kosningunum í vor. Mér dettur í hug saga úr II. heimsstyrjöldinni. Þá munu Þjóðverjar hafa átt voldugt og mikilvægt fjallavirki nærri landamærum Frakklands og Þýskalands. Þetta var stolt nasista og talið "óvinnandi virki" fyrir óvininn. Fallbyssum var beint í allar áttir og varðmenn rýndu út í grámann. En þá er sagt að óvinurinn hafi einfaldlega komið fljúgandi í svifflugu og lent í miðju virkinu og féll það á sömu stundu. Ekki veit ég hvort sagan er sönn, en við þetta vil ég líkja lýðskrumi Lúðvíks á bændafundunum. Þarna

Frh. á bls. 2

Söfnum milljón fyrir 1.mai giró 12200 9 sjá bls.2

VERKALÝÐS BLAÐIÐ
ARÐRÆNDIR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

1.maí ávarp EIK(m-l)

Eining á grundvelli stéttabaráttu

" EINING Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU." **Þetta kjörorð** er í **rauninni leiðarvísir** kommúnista og **allra baráttusinna.** Það er **undirstaða pólitískrar** einingar **meðal verkalýðs og** vinnandi **alþýðu á Íslandi. Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista)** eru **boðberi þeirrar einingar.** Í EIK (m-l) **er skipulagt** það afl sem er **vísir þess volduga** forystu**liðs verkalýðsins** sem kommún**ískur verkalýðs**flokkur er. Við **vinnum markvisst** að uppbyggingu slíks flokks og víst er, að verk okkar vinnast vel. Baráttuhefðir verkalýðs á Íslandi eru ríkar, en þær eru að sama skapi ekki lifandi í dag. Í hæsta lagi sjást örfá dæmi um nýja baráttu eða baráttu byggða á "gamla arfinum" sem Alþýðubandalagið hefur skrumskælt. EIK(m-l) hafa orðið að troða nýjar slóðir. Hvaða slóðir eru þetta?

Á okkar dögum er háð nauðsynleg og mikil barátta gegn nútíma endurskoðunarstefnu. Sú stefna er runnin undan rifjum falsmarxista og svikara við alla alþýðu, sem undir forystu Nikita Krúsjeff umbreyttu Sovétríkjunum úr sósíalísku ríki í fasískt þjóðafangelsi. Þessi stefna á sér öfluga talsmenn í Alþýðubandalaginu og Fylkingunni og þar með í íslenskri verkalýðshreyfingu. Hún þýðir, að heimsvaldasinnað risaveldi á sér þar beina talsmenn. EIK(m-l) er eina pólitíska aflið sem berst einarðri baráttu gegn auðvaldi,allri heimsvaldastefnu og hvers kyns svikurum við hag alþýðu. Á löngum velmektartíma sínum hefur forysta verkalýðs og vinnandi alþýðu náð að festa svo í sessi skipulega samvinnu auðstéttar og verkalýðs, að verkafólki finnst það ekki lengur undrunarefni þótt þeir sitji við sama borð og dreypi á hanastéli forsetar ASÍ&VSÍ. Þetta eru góðir vinir – það er satt. En betur væri raunin önnur, því auðstéttin þjarmar sannanlega að vinnandi fólki. Til þess að knésetja stéttasamvinnustefnuna, er nauðsynlegt að virkja allt baráttufúst fólk í stéttarfélögunum. Barátta gegn stéttasamvinnu í verkalýðshreyfingunni merkir, að skipuleggja verður andstöðulið innan félaganna. Í þá veru hafa EIK (m-l) þegar hafið umtalsvert starf.

ALÞJÓÐAMÁLIN

Í Afríku og víðar berst fátæk alþýða hetjulegri baráttu gegn vígvélum heimsvaldasinna, einkum risaveldanna tveggja, Bandaríkjanna og Sovétríkjanna. Sovétríkin, sem áður voru sósíalísk og Kúba standa með lið sín andspænis alþýðufólki og murka það niður. Þegar Bandaríkjamenn myrtu alþýðufólk í Indókína, þá gengu EIK(m-l) fram, líkt og milljónir baráttusinna um allan heim og veittu alþýðunni stuðning. Okkar kjörorð er, að alþýðan og þjóðir fái að ráða sér sjálfar. Enn göngum við fram og veitum í þetta sinn alþýðu landanna í Afríku og víðar stuðning okkar. EIK(m-l) hafa staðið mótmælastöðu utan við sendiráð innrásarríkisins, Sovétríkjanna, og krafist þess að þau hefðu sig á brott frá NA-Afríku.

STOFNUN KOMMÚNISTAFLOKKS

EIK(m-l) hafa sett sér það markmið að stofna kommúnískan baráttuflokk fyrir árslok 1979. Sá flokkur verður gjörólíkur öllum öðrum flokkum, enda smíðaður úr ólíkum efnivið. Flokkurinn verður vopnaður marx-lenínismanum og kenningum Maós Tsetungs, en svo köllum við þjóðfélagsvísindi verkalýðsins, eins og helstu leiðtogar hans um víða veröld hafa dregið þau saman í aðgengilegt form. Í flokknum verður þá þegar kjarni baráttufúss verkafólks úr íslenskri verkalýðsstétt. Við vitum nú þegar, að þetta lið verður margfalt meira að vöxtum skömmu eftir flokksstofnun. Kommúnistaflokkurinn er flokkur beinnar fjöldabaráttu og vinnur öfugt við allt sem borgarastéttin segir að sé okkur alþýðufólki eðlilegt.

Einn liður í smíði kommúnistaflokksins er uppbygging VERKALÝÐSBLAÐSINS sem öflugs málgagns. Núna leggur EIK(m-l) mesta áherslu á að safna sem flestum áskrifendum og ná yfirráðum yfir öllum þáttum blaðsins. Verkalýðsblaðið hefur staðið fyrir umfangsmikilli söfnun fjár til kaupa á prentsmiðju. Hún er um það bil að taka til starfa og söfnunin heldur áfram. Verkalýðsblaðið hálfsmánaðarlega er ekki nógu áhrifaríkt. En til þess að standa undir tíðari útgáfu verður kommúníska hreyfingin að vaxa talsvert að styrk. Það mun samt ekki líða á löngu þar til blaðið verður vikulegt málgagn. Sérhver nýr áskrifandi er lóð á þá vogarskál.

SÓSÍALISMI ER TAKMARKIÐ!

Ástand stéttabaráttunnar heima og heiman kallar á það að öllum kröftum verði varið í að skapa verkalýðsstéttinni kommúnistaflokk, hið nauðsynlega forystuafl stéttarinnar. Ástandið einkennist fyrst og fremst af vaxandi auðvaldskreppu og vaxandi styrjaldarhættu.

Fyrir tveimur árum var stofnaður "flokkur" sem kallaði sig "kommúnískan". Þessi stjórnmálasamtök hafa sett margan steininn fyrir vel brýnda ljái marx-lenínista og tafið uppbyggingu raunverulegs kommúnistaflokks. Þrátt fyrir erfiða stöðu, hefur rétt afstaða EIK (m-l) til þessa falska "flokks" leiðbeint stórum hluta félaga hans til uppgjörs við hann og hefur þorri þessa fólks gengið til liðs við EIK(m-l). Þannig er "flokkurinn" ("KFÍ/ML") lítill hentistefnuhópur, sem tilbúinn er til allra málamiðlana – nema nytsamlegra.

Þannig leiða EIK(m-l) pólitíska baráttu verkalýðs og annarrar alþýðu til sigurs. Þannig munu EIK(m-l) vinna að því að samfylkja fjöldanum í stéttabaráttunni um réttar kröfur og baráttuaðferðir.

Fjöldinn mun hljóta sigur í baráttu sinni – brjóta niður auðvaldsskipulagið á Íslandi, verja sjálfræði þjóðarinnar og hagsmuni vinnandi fólks – reisa sósíalískt Ísland og stéttarveldi verkalýðsins í bandalagi við vinnandi alþýðu aðra!

KENNSLUSTUND

Frh. af forsíðu

koma AB-foringjarnir á pólitískum svifflugum og setjast fyrirvaralaust í mitt fjallavirki Framsóknarflokksins. Þar yfirbjóða þeir öll loforð og allt lýðskrum Framsóknar- og Sjálfstæðisframbjóðenda og lofa bændum gulli og grænum skógum ef þeir kjósi Alþýðubandalagið!

"Það er engin offramleiðsla á búvörum," segir Lúðvík. "Alþýðubandalagið mun bara einfaldlega hækka verkamannakaupið og þá stóraukast búvörukaupin." En hann fer auðvitað ekki ofan í hlutverk og viðleitni svikullar verkalýðsforystu (sem Abl. ræður yfir að mestu) að halda niðri kaupmætti og berja niður alla baráttu verkalýðsins gegn auðvaldinu. Og hann fer auðvitað ekki heldur niður í saumana á því að það er auðvaldsskipulagið sjálft sem á sök á versnandi hag bænda og verkafólks, en ekki það hvaða stjórn situr við völd.

Þorri bænda á samstöðu með launafólki í kjarabaráttunni og lítill kaupmáttur launafólks er ein mikilvæg orsök fyrir sölutregðu landbúnaðarvara. En hvorki Alþýðubandalagið né neinn annar borgaralegur stjórnmálaflokkur mun berjast fyrir hagsmunum bænda, fremur en verkalýðsins. Í kosningunum gildir það sama um bændur og aðra sem EIK (m-l) beina máli sínu til: **SKILUM AUÐU!**

Brýnasta verkefni smá- og meðalbænda nú er það að berjast gegn svikastefnu Stéttarsambandsforystunnar og byggja upp virkar stéttarfélagseiningar víða um land, þar sem stefna skal mótuð. Brýnar kröfur er m.a.: Afnemum söluskatt af búvörum! Auknar niðurgreiðslur á búvörum! Ekkert verðjöfnunargjald af smærri búum! Eflum innlenda fóðurframleiðslu! Bændakonum reiknist sama kaup og körlum!

Fréttaritari

ÁSKRIFTA SÖFNUN


200
170
Ég lít þessa þróun mjög alvarlegum augum – 170 stykki!

200 áskrifendur fyrir 1.mai

Nú vantar aðeins 30 nýja áskrifendur til að ná markinu. Þessum áskrifendum verðum við að ná í sameiningu fyrir 1. maí og endahnútinn rekum við 1. maí.

Stuðningsfólk! Notum vel baráttudag verkalýðsins til að selja blaðið og bjóðum áskrift um leið!

Í næsta blaði birtum við svo niðurstöður og gerum upp söfnunarstarfið að einhverju leyti.

Eflum Verkalýðsblaðið!
VERKALÝÐSBLAÐIÐ VIKU HVERJA!

PRENTVÉLAR SÖFNUN





Söfnunin hefur tekið mikinn sprett í apríl. Frá 1. apríl til 26. apríl hafa safnast tæp 300.000. En betur má ef duga skal, takmarkið er 1 milljón.

Söfnunin verður framlengd til 20. maí – og þá skal hún í höfn!

Í maímánuði þarf að greiða mikla fjárfúlgur sem borgun fyrir prentvélina. Því, félagar, stuðningsmenn og áskrifendur! Tryggið framtíð marx-lenínískrar hreyfingar með því að gefa í prentvélarsöfnunina. Takmarkið er að Verkalýðsblaðið verði prentað að öllu leyti í eigin prentsmiðju.

Verkalýðsblaðið þakkar öllum þeim sem gefið hafa í söfnunina fram að þessu. Við heitum á alla að styðja blaðið því nú verður lokaspretturinn hlaupinn í átt til eigin prentsmiðju.

gerist áskrifendur

Lærum af söfnunarstarfinu

Nú líður að lokum í þessari safnanalotu okkar. Við munum gera grein fyrir niðurstöðum í næsta tbl. og þá fjalla ýtarlega um ganginn í söfnununum. Nauðsynlegt er að meta söfnunarstarfið nákvæmlega til að forðast að endurtaka þær villur sem við höfum gert og til þess að byggja áfram á þeirri góðu reynslu sem við vissulega höfum öðlast.

SÍFELLT FLEIRA FÓLK TEKUR ÞÁTT Í STARFINU

Þegar er ljóst að sífellt fleira fólk tekur þátt í söfnunarstarfinu. Það að gefa reglulega í söfnun til uppbyggingar kommúnísku hreyfingarinnar og til styrktar öðru framsæknu starfi, er að verða fastur liður hjá mörgum. Aðrir hafa enn sem komið er látið sér nægja að gefa stærri upphæðir einu sinni eða sjaldan.

Við þurfum að fjölga þeim sem gefa reglulega í baráttusjóðina. Upphæðirnar þurfa ekki að vera stórar, en það að gefa reglulega þýðir að kommúníska hreyfingin hverfur aldrei úr huganum.

Að gefa reglulega peninga er ein aðferð til að tengjast framsæknu starfi. Að kaupa áskrift að Verkalýðsblaðinu er önnur. Að taka þátt í námskeiðum EIK(m-l) í marx-lenínismanum og skipuleggja sig í kommúnísku samtökunum er svo lokaskrefið í því að tengjast forystusveitinni í baráttunni.

SKIPULAGNINGIN ÓTRAUST

Til þess að safnanir geti gengið vel, er nauðsynlegt að skipuleggja þær í smáum atriðum sem stórum. Ekki er nægilegt að ákveða hve miklu skal safna og á hve löngum tíma. Gera verður áætlun um allt söfnunarstarfið. Þar brást okkur bogalistin í yfirstandandi söfnunum. Við vanmátum skipulagsstarfið og því hafa safnanirnar ekki náð sér nægilega á flug. Þrátt fyrir það höfum við náð árangri og félagar og stuðningsmenn hafa lagt hart að sér undanfarnar vikur til að fylla söfnunarkvótana.

Við höfum öðlast reynslu, sem mun nýtast síðar. Brýnt er að draga reynsluna saman og gefa út á prenti, til að leiðbeina um safnanir framvegis.

Vbl. mun síðar fjalla nánar um söfnunarmálin og hvetur lesendur til að senda línur þar að lútandi.

Kveðja til SAMFYLKINGAR 1.maí

EIK(m-l) senda SAMFYLKINGU 1. MAÍ eftirfarandi kveðju:

"Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) senda SAMFYLKINGU 1. MAÍ hugheilar baráttu- og stuðningskveðjur.

Samtökin fagna dugnaði alls starfsliðs og stuðningsmanna samfylkingarinnar og baráttuskipulagningar sem miðar að því að gera 1. maí að raunverulegum baráttudegi íslensks verkalýðs og annarrar alþýðu.

Með starfi sínu og stefnumótun hefur SAMFYLKING 1. MAÍ sýnt að hún er eina framsækna baráttufylkingin sem beinist gegn innlendri auðstétt, allri erlendri ásælni, báðum risaveldunum og stéttasamvinnu falskra verkalýðsforingja.

EIK(m-l) heita SAMFYLKINGU 1. MAÍ stuðningi sínum nú og í framtíðinni.

Lengi lifi SAMFYLKING 1. MAÍ og alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsins!"

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Rætt við trúnaðarmenn á Kirkjusandi

Samstaða fólksins færði sigur

Verkalýðsblaðið hitti að máli aðra af tveim verkakonum, sem sagt var upp í fiskiðjuverinu á Kirkjusandi í Reykjavík, Brynju Óskarsdóttur. Brynja er jafnframt annar af tveimur trúnaðarmönnum Verkakvennafélagsins Framsóknar á staðnum. Einnig var mættur Bjarni Jónsson,trúnaðarmaður Dagsbrúnar á Kirkjusandi. Þau voru fyrst spurð af því hvaða lærdóma mætti draga af Kirkjusandsmálinu.

Bjarni: Til dæmis það, að samstaða verkafólksins er fyrir öllu og alger forsenda þess að sigur vinnist í máli sem þessu. Uppsagnir Framsóknarfélaganna eru ekkert einkamál verkakvennanna heldur snerta þær beint atvinnuöryggi og réttindi Dagsbrúnarmanna og því hvatti ég til samstöðu.

Brynja: Það má draga hér fram að Kirkjusandsmálið á sér lengri sögu,en hér er rætt um. Lengi hefur verið ljóst, að berjast þyrfti gegn þeim skilningi Kirkjusandsforstjórnanna, að þeir geti látið fólk vinna 10 tíma á dag,ef þeim sýnist svo. Eitt sinn gekk undirskriftalisti þar sem þessu var mótmælt og skrifuðu margir undir. Málið komst ekki lengra. En ég man að rétt eftir að ég byrjaði á Kirkjusandi, þá ætlaði ég að hætta kl.17 dag einn,þegar vinna átti til kl.19. Þá sögðu verkstjórarnir að "þetta mætti ekki koma fyrir aftur".

Ef Framsókn væri raunverulegt baráttutæki verkafólks,en ekki máttlaust skrifræðisbákn, þá hefði félagið auðvitað gripið inn í þetta deilumál á Kirkjusandi og leitt það til sigurs með samtakamættinum. Í staðinn er málið látið dankast og Þórunn (Valdimarsdóttir) hefur ekkert viljað úr þessu gera, þegar málið hefur verið tekið upp á félagsfundum. Sama sagan er með Dagsbrún hvað þetta varðar.

Brynja Óskarsdóttir og Bjarni Jónsson, trúnaðarmenn verkafólks á Kirkjusandi. Mynd:Verkalýðsblaðið

STÉTTASAMVINNUSTEFNAN Í VERKI

Bjarni: Þarna fékk verkafólkið líka tækifæri til að sjá stéttasamvinnustefnu verkalýðsforingjanna í verki. Fulltrúar raunverulegs verkalýðsfélags hefðu komið á vinnustaðinn,rætt við verkafólkið og kynnt sér sjónarmið þess og lagt upp baráttuleið í samræmi við fólkið sjálft. Síðan hefðu þeir átt að vera verkafólkinu innan handar í skipulagningu og framkvæmd aðgerða. Þarna komu þeir hinsvegar vaðandi, töluðu ekki við nokkurn mann í vinnslusölunum, en fóru beint á fund yfirmannanna og ræddu við þá á lokuðum fundi.

Brynja: Guðmundur J. birtist verkafólkinu sem hinn dæmigerði stéttasamvinnumaður: "Friðarsinni" sem reyndi að svæfa baráttu verkafólks með yfirborðslegum stuðningi

Frh. á bls. 6

Verkafólkið hratt atlögu atvinnurekenda

Frh. af forsíðu

þær komu til vinnu sinnar voru stimpilkort þeirra ekki fyrirfinnanleg á sínum stað og var það öruggt tákn um að hótanirnar um brottrekstur hafi orðið að veruleika.

Þegar fréttirnar bárust um vinnslusali á Kirkjusandi á mánudagsmorguninn, voru viðbrögð verkafólks almennt hörð. Bjarni Jónsson, trúnaðarmaður Dagsbrúnar á staðnum, hvatti fólk til samstöðu til að knýja forstjórana til að draga uppsagnirnar til baka. Þorri verkakvennanna lagði niður vinnu í mótmælaskyni, en sættust á að fara til vinnu aftur þar til verkalýðsforystan kæmi á staðinn til að ganga í málið.

STRUNSUÐU INN Á KONTÓR YFIRVERKSTJÓRANS...

Þegar til átti að taka, náðist ekki í Þórunni Valdimarsdóttur, form. Framsóknar, en hins vegar náðist í Guðm. J. Guðmundsson hjá Dagsbrún, og kom hann á staðinn ásamt Hauki Má Haraldssyni, blaðafulltrúa ASÍ, sem er ný toppfígúra hjá ASÍ og skýtur honum upp á ólíklegustu stöðum til að gæta hagsmuna ASÍ-páfanna. Þeir Guðmundur og Haukur sáu auðvitað enga ástæðu til að ræða við verkafólkið þegar þeir komu á staðinn, heldur strunsuðu þeir beina leið inn á kontór yfirverkstjórans og héldu þar klíkufund með yfirmönnunum.

Að góðri stund liðinni komu þeir fram og drógu með sér stjórana inn í kaffisalina, þar sem Guðmundur kvaddi sér hljóðs og hélt eina af sínum þekktu ræðum þar sem reynt er að verja hag og gerðir atvinnurekenda en jafnframt að láta líta svo út sem hann hafi bjargað vandamálum verkafólksins. Hann sagði að "erfiðleikar væru í frystiiðnaðinum vegna óreglulegs vinnutíma," en "auðvitað væri ekki hægt að reka fólk fyrir að hætta kl. 17.00 og raunar hafi engum verið sagt upp!" Hann talaði um að "málin skyldu leyst í rólegheitum" auk þess sem hann fullvissaði fólkið um að yfirverkstjórinn væri "fyrirmyndar yfirmaður" og sagði verkafólkið hafa spillt honum! Svona málflutning köllum við dæmigerða stéttasamvinnustefnu.



ALLT VIÐ HIÐ SAMA

Á staðinn var nú komin Þórunn Valdimarsdóttir og urðu á fundinum nokkrar umræður um öryggi verkafólks vegna túlkunar yfirmannanna á vinnuskyldu þess. Nefnd voru dæmi um að brottrekstur af þessum sökum væri ekki nýnæmi, en eðlilegt var að lítil almenn virkni yrði í umræðunum þar sem yfirmennirnir hlustuðu á, auk trúnaðarmanna þeirra úr verkalýðsforystunni.

Á eftir var fundur beggja trúnaðarkvenna Framsóknar, trúnaðarmanns Dagsbrúnar, verkalýðspáfanna og atvinnurekendanna. Þar kom skýrt fram, að verkafólki á Kirkjusandi hefur aldrei verið gerð grein fyrir þeim skilningi yfirmannanna að skylt sé að vinna til kl. 19.00 ef þeim sýnist svo. Þessi fjarstæða var hrakin með ýmsum rökum, t.d. því að í gildi eru lög um 40 stunda vinnuviku. Einnig með því, að því aðeins að fólk sé ráðið skriflega upp á 10 tíma vinnu daglega (og fái þar með alltaf borgaða 10 tíma hvort sem unnið er svo lengi eða ekki), er hægt að krefjast þess að það vinni 10 tíma á dag. Þannig hefur engin verkakona verið ráðin á Kirkjusandi, svo vitað sé. Það vildu atvinnurekendur hins vegar ekkert ræða; verkalýðsforingjarnir sögðu fátt. Auk þess var brottrekstur trúnaðarkonu Framsóknar, Brynju Óskarsdóttur, tvöfalt ólöglegur: Annars vegar af fyrrgreindum orsökum og hins vegar vegna þess að ólöglegt er að reka fyrirvaralaust trúnaðarmann verkalýðsfélags. Þá vildu atvinnurekendur meina að Bjarni hefði "brotið af sér" sem trúnaðarmaður, með því að skipta sér af brottrekstri Framsóknarfélaganna! Niðurstaðan af þessu var sú, að uppsagnirnar voru dregnar til baka, en atvinnurekendur telja sig áfram geta notast við skilgreiningu sína á vinnuskyldu verkafólksins og því mun mál sem þetta örugglega koma upp aftur á Kirkjusandi. Þá féllust þeir á að tilkynna með fyrirvara er ætti að hætta störfum kl. 17.00.

Verkalýðsblaðið óskar starfsfólki á Kirkjusandi til hamingju með þennan sigur sem aðeins vannst vegna eigin samstöðu þess. Það var ekki verk verkalýðsforystunnar að hrinda uppsögnunum, heldur þröngvaði samstaða fólksins verkalýðspáfunum og atvinnurekendum til að láta í minni pokann.

Engin brögð stéttarandstæðingsins eru svo vel skipulögð að þau standist órofa samstöðu verkalýðs og alþýðu.

Óhæf myndbirting

Í 7. tbl. birtist mynd af Alberti Guðmundssyni, alþingismanni og heildsala. Undir myndinni stóð: "málsvari fasismans á Alþingi", en á myndina sjálfa krotaður hakakross o.fl.

EIK(m-l) og ritstjóri Verkalýðsblaðsins sendu fjölmiðlum þegar í stað yfirlýsingu þar sem myndatextinn og myndin voru gerð ómerk. Ástæðurnar fyrir þessum viðbrögðum eru eingöngu þær, að baráttuaðferðir á borð við þessar og skrif standa öndverð baráttuaðferðum og hugmyndafræði verkalýðs og kommúnista. Sleggjudómar, óundirbyggðar eða rangar staðhæfingar og skortur á hlutlægni eiga ekki að sjást í kommúnísku verkalýðsblaði. Samtökin og Vbl. hafa áður gert sig sek um mistök sem þessi - er sjást í nær hverju tbl. Þjóðviljans og smáblaðanna Neisa og Stéttabaráttunnar. EIK(m-l) og Vbl. ber skylda til að láta borgaraleg og tækifærissinnuð öfl ein um fánýtt hnútukast. Myndin og textinn komust í blaðið fyrir mistök í ritnefnd. Skortur á eftirliti og heildarafstöðu til framsetningar efnis í blaðinu eiga hér hlut að máli.

EIK(m-l) og Vbl. biðja velunnara sína og lesendur blaðsins velvirðingar á mistökunum. EIK(m-l) telja Albert Guðmundsson ekki fasista, né heldur að hann sé málsvari hans á þingi nú. Ýmsar tillögur Alberts eru hins vegar reistar á svörtustu afturhaldsstefnu - sem slíkar eru þær andstæðar lýðréttindum og borgaralegu lýðræði og í ætt við fasisma. Greinin sem myndin fylgdi er því í aðalatriðum í fullu gildi.

Framkvæmdanefnd miðstjórnar EIK(m-l) 25. apríl.

Enn á ný skapa kommúnistar forystuafl gegn afturhaldinu

Allar móthverfurnar í þjóðfélagi okkar hafa skerpst að mun s.l. áratug. Afturhaldið fer ekki í felur, heldur lætur skoðanir sínar óspart í ljósi og hyggst raungera þær. Nasistar og fasistar hafa eignast sína opinberu stuðningsmenn og tilraunir eru gerðar til þess að stofna brúna flokka, þar sem helsta markmiðið er að skapa "sterka stjórn" gegn alþýðu og hagsmunum hennar.

Flokkarnir eru að riðlast

Því er oftlega fleygt að flokksbönd séu sterk og að fólk fylgi flokk sama hvað á gengur. Þetta eiga m.a. kosningar að sýna. Hvað hafa kosningar sýnt? Þær hafa sýnt að flokkarnir hafa enn frið til þess að svíkja. Það er hægt að stinga gefnum kosningaloforðum inn í þingræðisvélina og kenna svo kerfinu um að illa fari. Andúð alþýðu á flokkunum hefur magnast mjög undanfarin ár og nú er talað almennt um "flokkseigendaklíkur" í öllum flokkum. Ákvarðanir eru teknar yfir höfðunum á félögum flokkanna. Sjálfstæðisflokkurinn spyr aldrei félaga flokksins hvort stefnan eigi að vera þessi eða hin og ekki fengu félagar Alþýðubandalagsins að ræða "Íslensku atvinnustefnuna" áður en hún var gerð að stefnu flokksins. (Sumir fengu að ræða hana eftir á!). Það sama gildir um kosningarnar og um flokkana. Alþýðan metur þær lítils.

Það má ekki tala um pólitík í verkalýðsfélagi

Forkólfar verkalýðshreyfingarinnar, framámenn Alþýðubandalagsins og Alþýðuflokksins, hafa markað þá stefnu í verkalýðshreyfingunni að það sé pólitísk umræða sem hrekur fólk frá þátttöku í starfi og baráttu verkalýðsfélaganna. Þeir reyna að koma í veg fyrir pólitíska umræðu. Þetta þekkja þeir sem kynni hafa af starfi Dagsbrúnar og annarra félaga í Reykjavík og Einingar og Iðju á Akureyri. Hvernig skyldi þetta vera hagstætt? Jú þetta er hagstætt stéttasamvinnuforystunni, því umræðan hlýtur einmitt að snúast um pólitískar rætur stéttasamvinnustefnunnar og nauðsyn baráttustefnu. Þar sjá hinir aumu liðsmenn auðherranna, sem starfa dags daglega að svikum við verkalýð, sæng sína út breidda.

Verkafólk verður að krefjast umræðna um starf og stefnu verkalýðshreyfingarinnar í heild og einnig eigin félaga. Krefjumst reglulegra funda í félögunum og eflum starf þeirra – gerum þau að baráttutækjum.

Annáll flokksbyggingar



SAMFYLKING 1. MAÍ

GERUM 1. DES. A

Í janúar s.l. voru liðin 3 ár frá stofnun Einingarsamtaka kommúnista (marx-lenínista). Þá var lýst yfir að markmiðið skyldi vera barátta fyrir uppfyllingu nauðsynlegra skilyrða fyrir stofnun raunverulegs stjórnmálaflokks verkalýðsins – kommúnistaflokks. III. landsþing samtakanna snemma þessa árs lýsti yfir að kommúniskur flokkur skuli stofnaður á Íslandi fyrir árslok 1979.

Þrjú ár eru ekki langur tími í sögu stjórnmálahreyfingar, en engu að síður hafa þessi ár verið viðburðarík og ótvíræður árangur unnist. Hér skal birt yfirlit helstu atburða í sögu Einingarsamtakanna.

Sept. 74 Marx-lenínistar ganga úr Fylkingunni. Eftir síharðnandi átök milli kommúnistanna og hentistefnuhóps undir forystu trotskista innan Fylkingarinnar stefnir að uppgjöri milli þessara afla. Kommúnistarnir semja "Stjórnlist og baráttuaðferðir marx-lenínista á Íslandi" – bækling sem setur fram grundvallaratriði marx-lenínismans/ kenninga Maós Tsetungs við ísl. aðstæður. Á 2. þingi Fylkingarinnar stendur egg gegn egg og marx- lenínistar ganga af þingi og úr samtökunum, en þar höfðu þeir starfað í tæp tvö ár að tilraun til þess að smíða kommúnísk samtök.

Sept. 74 Kommúnistarnir úr Fylkingunni og nokkrir óháðir einstaklingar stofna með sér "Baráttulið kommúnista (marx-lenínista)" BKML. Samtökin eru ópinber undirbúningssamtök kommúnískra samtaka, sem stofna á við fyrsta tækifæri. Þau hafa með sér stjórn og leggja aðaláherslu á að breyta innanfélagsritinu úr Fylkingunni í opinbera stefnuskrá "Baráttuleið alþýðunnar" og stunda nám í marx-lenínismanum/ kenningum Maós Tsetungs. Félagarnir neita að ganga í hentistefnusamtökin KSML.

Jan. 75 17 félagar stofna Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) EIK(m-l) í Reykjavík og á Akureyri. Samtímis er BKML lagt niður. Samþykkt er stefnuskrá "Baráttuleið alþýðunnar" (1. útgáfa), lög sem byggja á lýðræðislegu miðstjórnarvaldi og stofnþingsyfirlýsingar. Markmið samtakanna er að sameina kommúnista á Íslandi í ein samtök, ná nokkrum tengslum við framsæknasta hluta verkalýðsstéttarinnar og stofna forystuflokk verkalýðsins – nýjan kommúnístaflokk. Stofnþing óskar opinna viðræðna við KSML í greinaformi.

Jan. 75 Samhliða stofnþinginu taka ísl. marx-lenínistar þátt í fyrstu norrænu ráðstefnu marx-lenínista með AKP (m-l) í Noregi, SKP í Svíþjóð, KFML í Danmörku, MLR í Finnlandi og OFML í Færeyjum. Gefnar eru út sameiginlegar ályktanir um heimsástandið og baráttuna gegn endurskoðunarstefnunni.

Maí 75 EIK (m-l) hefja útgáfu mánaðarblaðs, Verkalýðsblaðsins. Blaðið er fjölritað og eintakafjöldi 500. Skömmu áður stofna samtökin bókaforlagið Október sf.

Ágúst 75 Eftir nokkra þátttöku í fjöldastarfi, námsstarf og upphaf leiðréttingarherferðar í EIK(m-l) gegn endurskoðunarstefnunni er haldin sumarráðstefna á Siglufirði. Mótuð er stéttgreining og rætt um heimsástandið.

Sept. 75 KSML bjóða EIK (m-l) þátttöku í stofnun kommúnistaflokks á páskum 76. EIK (m-l) setja fram þau skilyrði að grundvallareining verði milli samtakanna um marx-lenísistmann/kenningar Maós Tsetungs, um skipulag flokksins, baráttustefnu og að KSML geri upp við "vinstri" endurskoðunarstefnu samtakanna. Þessu hafna KSML.

Jan. 76 EIK (m-l) halda II. landsþing sitt í Reykjavík. Leiðréttingarherferðin gegn endurskoðunarstefnu innan EIK (m-l) er raungerð í ýmsum ákvörðunum og stefnubreytingum. Gerð er m.a. sérstök samþykkt um stofnun, eðli, starfshætti og skipulag kommúnistaflokksins. Þingið staðfestir og ítrekar afstöðu EIK (m-l) til flokksstofnunarhugmynda KSML. Verkalýðsblaðið tekur upp stærra brot og nýjar vinnsluaðferðir.

Feb/mars 76 Gengið er til fimm funda viðræðna við miðstjórn KSML. Þær staðfesta djúpstæðan ágreining í málum, stefnu og starfi milli samtakanna og færa samtökin lítt saman. Nokkur samvinna hefst milli EIK (m-l) og KSML m.a. í landhelgismálinu og svo 1. maí. KSML nýta hana til að halda aftur af baráttu í landhelgismálinu og til auglýsingar eigin samtaka 1. maí.

Apríl 76 KSML breytir nafni í "Kommúnístaflokk Íslands / marx-lenínista". EIK (m-l) merkja samtökin sem samtök henti- og endurskoðunarstefnu og "tilræði við flokksbygginguna". Í Rauðliðanum, fræðilegu tímariti EIK (m-l) birtast greinar sem gagnrýna starfshætti, flokksstofnunarhugmyndir og stefnuskrá "KFÍ/ML". EIK (m-l) taka upp samskipti við Flokk vinnunar í Albaníu.

Ágúst 76 EIK (m-l) halda sumarráðstefnu um sameiningu kommúnista og senda frá sér grundvallarstefnuskrá þeirra "Sameiningargrundvöll kommúnista og verkalýðsins". EIK (m-l) lýsa því yfir að þau sameinist samtökum og einstaklingum sem samþykkja plagg þetta. EIK (m-l) taka upp samskipti við bandaríska marx-lenínista. (October-league (m-l), síðar CPm-l)

Ág/sept. 76 EIK (m-l) eiga frumkvæði að uppbyggingu aflmikillar samfylkingar með afgreiðslufólki mjólkurbúða í Reykjavík og neytendum, gegn lokun allra verslanna Mjólkursamsölunnar. Fyrr höfðu samtökin stutt verkfall á Selfossi og Akranesi. Unnið er að stofnun Landhelgissamtakanna. EIK(m-l) taka upp samskipti við KPD/ML í Þýskalandi.

Okt/nóv 76 EIK (m-l) berjast innan Samtaka herstöðvaandstæðinga fyrir því að fjöldastefna og barátta gegn báðum risaveldunum verði stefnuskrárbundin. Hafist er handa við undirbúning hálfsmánaðarútgáfu Verkalýðsblaðsins. EIK (m-l) senda "KFÍ/ML" hvert opna bréfið á fætur öðru með kröfu um svar við sameiningargrundvellinum. Tekið er þátt í stofnun Dagvistarsamtakanna. EIK (m-l) sitja 7. þing Flokks vinnunnar í Albaníu.

Jan. 77 Stór hópur kommúnista í "KFÍ/ML" segir skilið við samtökin, hefur útgáfu ritsins "Til baráttu gegn endurskoðunarstefnunni" og gengur í EIK (m-l). EIK (m-l) stofnar stuðningsdeildir í Kaupmannahöfn, Osló og Svíþjóð.

Feb/mars 77 EIK (m-l) taka lokaskrefið til hálfsmánaðarútgáfu Verkalýðsblaðsins, m.a. með hálfrar milljón króna fjársöfnun og fl. Fleiri félagar úr "KFÍ/ML" ganga til liðs við EIK (m-l).

...Ð BARATTUDEGI
bar

Apríl 77 EIK(m-l) taka upp samskipti við Kommúnistasamtök Kanada(marx-lenínista) - CCL(m-l).

Maí 77 EIK (m-l) taka þátt í baráttufundi Samfylkingar 1. maí og aðgerðum í Rvík og á Akureyri. EIK(m-l) taka virkan þátt í kjarabaráttu verkalýðshreyfingarinnar og vinna að afhjúpun stéttasamvinnumannanna. Námsmannablað EIK (m-l) "Til baráttu" hefur göngu sína.

Ágúst 77 EIK (m-l) halda sumarráðstefnu. Rædd er stéttgreining og afgreidd ályktun um alþjóðamál og afstöðu EIK (m-l) til þeirra. Unnið er að kaupum á fullkominni prentsmiðju. EIK (m-l) styðja 21. ágúst-nefndina í aðgerðum vegna innrásar Sovétríkjana í Tékkóslóvakíu 1968. Þau taka einnig þátt í aðgerðum Samtaka herstöðvaandstæðinga.

Sept/okt 77 EIK(m-l) hefja útgáfu Verkalýðsblaðsins tvisvar í mánuði. EIK (m-l) styðja baráttu hjúkrunarnema, starfsstúlkna á Kópavogshæli og á Kristnesi. Hópur félaga úr "KFÍ/ML" gengur í EIK(m-l). EIK(m-l) berjast fyrir stefnuskrárbundinni baráttu gegn báðum risaveldunum á landsfundi Samtaka herstöðvaandstæðinga.

Des. 77 EIK(m-l) styðja Baráttunefnd 1. des., sem gengst fyrir glæsilegum baráttufundi gegn báðum risaveldunum og allri heimsvaldastefnu, fundurinn haldinn í Rvík. Prentsmiðja samtakanna sett upp. Gefinn út verkalýðsmálastefnuskrá EIK(m-l).

Jan. 78 Enn einn hópur félaga úr "KFÍ/ML" gengur til liðs við EIK (m-l). Samtökin halda III. landsþing samtakanna. Þar er sett fram áætlun um að stofna kommúnistaflokkinn fyrir árslok 79. Samtökin hvetja ísl. alþýðu að skila auðu í komandi þingkosningum. Unnið er að skipulagningu æskulýðsstarfs samtakanna.

Feb/mars 78 EIK (m-l) styðja 8.marshreyfinguna í kvennabaráttunni. Hún heldur glæsilegan baráttufund í Rvk. 8. mars. EIK (m-l) slíta sambandi við KPD/ML. EIK (m-l) styðja stofnun Samfylkingar 1. maí og lýsa því yfir að starf þar skuli vera höfuðverkefni félaga og stuðningsfólks fram til 1. maí.

"Tiltekið samstarf - ákveðinn trúnaður"

- stéttasamvinna AB-forystunnar

Töluverður hvellur hefur orðið í Alþýðubandalaginu vegna hugmynda Þrastar Ólafssonar um "samstjórn stéttanna" sem ætlað er að "stjórna landinu án þess að til alvarlegra stéttaátaka kæmi" (ÞÓ í tímariti Máls og menningar). Hefur málið gengið svo langt að Lúðvík Jósepsson, formaður Alþýðubandalagsins, birti yfirlýsingu, þar sem segir, að "skoðanir þær sem fram koma í grein Þrastar séu Alþýðubandalaginu óviðkomandi" og í "ósamræmi við stefnu AB" (Þjóðviljinn 16. apríl). Lúðvík klykkir út með því að segja að "allt tal um nauðsyn á samstarfi verkafólks og stjórnmálasamtaka þess við þetta árásarlið, sé furðuleg rökleysa eins og málum er nú háttað".

Ef skoðanir Þrastar eru furðuleg rökleysa í augum Lúðvíks - þá eru skoðanir Lúðvíks sjálfs í þessu máli furðuleg endileysa. Sá hinn sami Lúðvík, sem nú afneitar orðum Þrastar sagði orðrétt á Alþingi þ. 10. febr. s.l.:

"Ég er á þeirri skoðun, að með öllu sé útilokað, eins og ástatt er í íslenskum þjóðmálum, að ná nokkrum tökum á efnahagsvandamálum þjóðarinnar nema takist tiltekið samstarf og ákveðinn trúnaður á milli þeirra sem stjórna landinu og ráða þar meginatriðum, og hinna sem skipa hin stóru og þýðingarmiklu launþegasamtök í landinu." (Alþingistíðindi 14. hefti, bls. 2227/Undirstr. greinarhöf.).

Það fer ekki á milli mála hvað Lúðvík segir þ. 10. febr. Hin "furðulega rökleysa" Þrastar Ólafssonar er í raun skoðun Lúðvíks - og stefnumið Alþýðubandalagsins. Stéttasamvinna, eða með öðrum orðum: tiltekið samstarf og ákveðinn trúnaður, er það sem allir kratafiokkar boða, hvort sem þeir kalla sig Alþýðubandalag eða Alþýðuflokk. Hið ranga sem Þröstur gerir er að opinbera þessa stefnu í formi hugleiðinga um "samstjórn stéttanna"; samsteypustjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðubandalags. Lúðvík veit að slíkir opinberir draumar geta ekki aflað Alþýðubandalaginu kosningafylgis hjá launafólki, þess vegna hleypur hann til og ómerkir sín eigin orð og tuktar til einn af minni spámönnum flokksins.

Ef orð Lúðvíks eru skoðuð nánar þá segja þau skýrt til um hvaða augum hann lítur málið: samstarf og trúnaður á milli þeirra sem stjórna landinu og ráða þar meginatriðum og verkalýðshreyfingarinnar, er samvinna borgarastéttar og verkalýðs. Samvinna þeirra arðrændu við arðræningjana - og jafnvel trúnaður við þá! Hvort slíkt heitir samstjórn eða samvinna stéttanna skiptir minnstu - það sem skiptir máli fyrir auðvaldið er að bjarga gróða sínum í dýpkandi kreppu. Og til þess að slíkt takist er auðvitað ákjósanlegt að hafa samstarf við (og trúnað þeirra líka) þá sem allar efnahagsráðstafanir auðvaldsins bitna á: verkalýðinn.

Í ljósi þessa verður hvatning EIK(m-l) til allrar alþýðu um að skila auðu í kosningunum mikilvægari en ella. Eina leiðing til að sýna "samstjórn stéttanna" andstöðu í kosningunum er að fara á kjörstað og merkja við engan.

FLEIRI EN LÚÐVÍK

En Alþýðubandalagið og Lúðvík eru ekki einir undir árum. Undanfarið hafa raddir stéttasamvinnunnar orðið allmikið áberandi, bæði í formi pólitískra yfirlýsinga og í formi tillagna þingmanna um ráðstafanir til að lögbinda stéttasamvinnuna. Í rauninni er hægt að segja að hin alræmda tillaga Gunnars Thor. um nýja vinnumálalöggjöf sé nú matreidd í smáskömmtum á Alþingi. Burgeisarnir virðast hafa talið það hentugra að herða snöruna smátt og smátt í stað þess að samþykkja allt frumvarpið í einu. Þrjú dæmi liggja nú þegar fyrir: 1. Þingsályktunartillaga Gunnars Sveinssonar og Ingvars Gíslasonar um að ríkið verði virkur aðili að kjarasamningum - og að gerðir séu heildarsamningar fyrir allt landið. 2. Þingsályktunartillaga Péturs Sigurðssonar og Jóhannesar Árnasonar um hagstofnun launþega og vinnuveitenda og starf ríkissáttasemjara, stofnun þessari er ætlað að "koma á mjög nánu samstarfi aðila vinnumarkaðarins." 3. Frumvarp Gunnars Thoroddsen um að starf sáttasemjara verði aukið mjög, gert að föstu starfi og meiri afskipti verði af hans hálfu af vinnudeilum og boðuðum verkföllum.

Annað sem fram hefur komið um stéttasamvinnu er m.a. samþykkt miðstjórnar Alþýðuflokksins þar sem segir "að koma verði á kjarasáttmála milli ríkisvalds og verkalýðshreyfingar" - ennfremur hefur Kjartan Jóhannsson, varaformaður Alþýðuflokksins, skrifað grein í Alþ.blaðið þar sem hann telur að "á grundvelli heilinda og trúnaðar á að byggja samstarf ríkisstjórnar og launþegasamtaka."

TVÆR HÆTTUR

Það er sótt að verkalýðnum með margvíslegu móti - annars vegar eru stöðugur áróður gegn samtökum hans og kjarabaráttunni, sem síðan er fylgt eftir með nýjum lagasetningum sem skerða rétt verkafólks til að hafa áhrif á kaup sitt og kjör. Hins vegar er svikul forysta verkalýðssamtakanna, þar sem æðstu topparnir eru gengnir í raðir óvinanna. Allt starf þessara forystumanna verður til þess að styrkja sókn auðvaldsins gegn verkalýðnum. Með ólýðræðislegum vinnubrögðum og stéttasamvinnustefnu grafa þeir undan baráttuþreki verkalýðsins og ræna hann trúnni á eigin samtakamátt.

Þetta er ein afleiðing stéttasamvinnunnar - verkalýðshreyfingin verður duglaus til átaka fyrir bættum hag verkalýðsins.

Það er því ekki nægilegt fyrir verkafólk að berjast gegn hinum ytri óvini, árangurinn í þeirri baráttu verður enginn ef óvinurinn í eigin röðum verður ekki afhjúpaður og yfirbugaður. Þess vegna ber verkafólki að fylkja sér um kröfur Samfylkingar 1. maí:

EINING Á GRUNDVELLI STÉTTABARÁTTU!

ENDURREISUM STÉTTARFÉLÖGIN SEM BARÁTTUTÆKI!


Lúðvík Jósepsson: "tiltekið samstarf og ákveðinn trúnaður".

Þröstur Ólafsson: "samstjórn stéttanna...án alvarlegra stéttaátaka".

Pétur Sigurðsson: "stuðla skal að gagnkvæmu trausti launþega og vinnuveitenda".

Kjartan Jóhannsson: "samstarf á grundvelli heilinda og trúnaðar".

Benedikt Gröndal: "komið verði á kjarasáttmála milli ríkisvalds og verkalýðshreyfingar".

Til félaga Ermíasar í Eritreu

Gegn erlendu valdi og ofbeldisræði
af alhug þið berjist, gegn morðum og æði.
Af fjandmönnum vinnið þið svæði eftir svæði
sækið á brattann, gegn hatri og bræði.
Þú þjóð þína elskar og eggjar til dáða
æskuna brýnir og hughreystir smáða.
Með frelsið sem markmið og friðinn í huga
þín fegursta óskin er þjóð þinni að duga.

Viðlag: Félagi Ermías, félagi sæll
ég færi þér kveðjur að norðan.
Félagi Ermías, félagi sæll
ég færi þér hugheilar kveðjur að norðan.

Já, fagurt er verk þitt, þú félagi og vinur
og fjandinn er sterkur sem yfir þig dynur.
En eþjópískt einræði undan þér stynur
og innrás frá Kúbu um sjálfa sig hrynur.
Sú smáþjóð sem berst fyrir lífi og landi
launsátrum öllum hún verður að grandi.
Þú sigra munt sovéska heimsvaldaseggi
þótt sjúkir af gróðafýsn sjálfa sig eggi.

Viðlag: Félagi Ermías, félagi sæll...

Á Íslandi þekkjum við óvini þína:
auðherra, kúgara, borgara "fína".
Útlenskur her treður móðurjörð mína
og Moskvuliðs ógnir um höfuð mér hvína.
Berðu því bróðir til félaga þinna
baráttu- og kveðjuorð landsmanna minna.
Við hlið þína stöndum og stuðning þér sýnum
og staðfestu lærum af afrekum þínum.

Höfundur: Guðmundur Sæmundsson.

Lönd vilja sjálfstæði · þjóðir vilja frelsi · alþýðan vill byltingu

Hvað er að gerast í skólamálum í Kína ?

Að undanförnu hafa okkur borist fréttir af ýmsum breytingum í Alþýðulýðveldinu Kína. Breytingar þessar hafa átt sér stað í kjölfar falls svokallaðrar klíku fjórmenninganna. Í íslenskum fjölmiðlum hafa "fjórmenningarnir" iðulega verið kallaðir "róttækir" og látið í það skína að breytingarnar í skólakerfinu væru afturhvarf til auðvaldsstefnu. En er svo í raun?

Í aprílhefti kínverska ritsins China Reconstructs er viðtal við talsmann menntamálaráðuneytis Kína. Hann segir þar, að breytingarnar nú séu leiðréttingar í samræmi við byltingarsinnaða menntamálastefnu, sem þýði að "menntun skuli þjóna öreigastefnunni og vera tengd framleiðslustörfum" (Maó Tsetung). Jafnframt segir hann að það sé alrangt sem oft hefur sést, t.d. í Peking Review (fjórmenningarnir höfðu mikil ítök í ritstjórn Peking Review og fjölmiðlum yfirleitt í Kína). að"borgaralegir menntamenn hafi ráðið menntakerfinu frá 1949-1966" er Menningarbyltingin hófst. Þvert á móti hafi á því tímabili náðst mikill árangur þrátt fyrir áhrif endurskoðunarstefnunnar sem þeir Liu Sjaó-tsí og Lin Piaó báru uppi.

Kínverjar mörkuðu snemma þá stefnu að gera landið sjálfbjarga og meira en það. Gera landið að sósíalísku iðnríki á nútíma vísu á sem skemmstum tíma. Til að slíkt megi verða, þarf gífurlegt átak í menntamálum. Það þarf marga sérfræðinga og hátt menntunarstig almennings. Klíka fjórmenninganna gerði það sem í hennar valdi stóð til þess að draga úr þessu. Fjórmenningarnir sögðu: "Við viljum heldur hafa menntunarsnauða verkamenn en menntaða borgara." En stefna Maó Tsetungs var ekki "menntaðir borgarar", heldur "verkafólk með bæði sósíalíska vitund og menntun."

Eyðileggingarstefna klíkunnar

Árið 1972 gaf Tsjú En-læ t.d fyrirmæli um að taka skyldi nemendur inn í háskóla beint úr miðskóla. Fjórmenningarnir komu í veg fyrir að þetta yrði framkvæmt.

Fjórmenningarnir hófu upp til skýjanna mann nokkurn sem "skilaði auðu" á skólaprófi, einfaldlega af því að hann vissi ekki svör við spurningunum. Þannig vildu þeir koma óorði á hvers konar próf. Próf eru að margra áliti óæskileg og jafnvel óþörf og sumir álíta það hinar verstu fréttir að þau hafi á ný verið tekin upp við kínverska skóla. Maó Tsetung varaði við rangri notkun prófa og tvíhliða gildi þeirra. Hann benti á að "námsmenn ættu að fá spurningarnar í hendur og setja sig inn í efni þeirra með aðstoð bóka. "Ef spurt er 20 spurninga...og einhverjir nemendur svara aðeins helmingnum, en sum svörin eru verulega góð og hugmyndarík, þá skal gefa þeim 100 í einkunn. Ef einhverjir svara öllum spurningunum hárrétt, en svörin eru bara uppskrift úr bókum og upplestrum án eigin hugmynda, þá ber aðeins að gefa þeim 50-60 í einkunn."

Í kínverskum skólum er námið tengt framleiðslunni og víða við skóla eru verksmiðjur og nemendur eru sendir tíma og tíma út á búgarða eða verksmiðjur til vinnu og náms. Fjórmenningarnir sögðu: "Því opnari sem skólinn er, þeim mun betri er hann, því lengur sem þú vinnur líkamlega vinnu, þeim mun betra."

Þetta þýddi að mestöllu bóklegu námi var sleppt - en það er auðvitað ekki samtenging náms og vinnu að sleppa öðru.

Erfitt verk framundan

Að lokum skal vitnað til lokaorða fyrrnefnds talsmanns menntamála í Kína:

"Allt landið stefnir að því marki að byggja upp sterkt og nútímalegt land. Hua formaður hefur gefið okkur fyrirmæli um að koma á fót fleiri skólum hverskonar, eins fljótt og mögulegt er og jafnframt að bæta menntunina.

...Fyrsta skrefið er að gera áætlun um að koma á efrimiðskóla (10 ára nám) í öllum borgum og neðri miðskóla (8 ára nám) alls staðar annars staðar. Við stefnum að því að veita fleira fólki en áður framhaldsmenntun. Sérstakri athygli munum við beina að aðferðum sem spara tíma og veita starfsþjálfun. Við vonumst til þess að allir verkamenn geti fengið fræðslu í nútímatæknifræði á þeirra sviði. Við endurbætum kennslugögnin. Við höfum mikið og erfitt verk að vinna, en við erum viss um að okkur tekst það".

Verkalýðsblaðið óskar Kínverjum til hamingju með þann árangur sem þegar hefur áunnist og óskar þeim góðs gengis í framtíðinni. Við getum margt lært af baráttu þeirri sem alþýðan í Kína heyr undir leiðsögn hins marx-leníníska kommúnistaflokks síns á grundvelli marx-lenínismans kenninga Maó Tsetungs.



Noregur:

Fasískar aðgerðir gegn verkalýð

Kjaradeilu norsks verkalýðs annars vegar og atvinnurekenda og ríkisvalds hins vegar hefur verið vísað til gerðardóms af norsku ríkisstjórninni. Það er stefna norsku ríkisstjórnarinnar að lækka verulega laun norsks verkalýðs í hinni harðnandi kreppu sem nú gengur yfir svo að komist verði hjá því að skerða gróða auðherra. Þessi stefna hefur að sjálfsögðu hlotið stuðning norska atvinnurekendasambandsins, en einnig forystunnar í norska alþýðusambandinu, sem er stjórnað af þeim sömu og skipa ríkisstjórnina; sósíaldemókrötum. Gerðardómur þessi merkir að samningsrétturinn er hrifsaður af norskum verkalýð,- verkamenn fá ekki einu sinni formlegan rétt til að greiða atkvæði gegn dómnum!

Önnur afleiðing gerðardómsins er að sérsambönd og minni félög fá engin tækifæri til að semja sérstaklega um sérstök atriði sín við atvinnurekendur.

Þriðja afleiðing gerðardómsins er að öll kjarabarátta og verkföll næstu árin eru ólögleg.

Ekki er vafi á því að mörg vinnustaðafélög og stéttarfélög í Noregi munu hunsa þessi fasísku fyrirmæli auðstéttarinnar og beita sínu sterkasta vopni, verkföllum.

Á undanförnum árum hefur stéttabaráttan harðnað mjög í Noregi, ekki síst fyrir áhrif AKP(m-l), sem hefur haldið fram óvæginni baráttustefnu og gætt hagsmuna verkafólks af einurð í blaði sínu, KLASSEKAMPEN.

Undirbúningur að 1. maí-aðgerðum hefur gengið mjög vel. Þessar nýjustu árásir ríkisvaldsins munu vafalaust verða til þess að baráttuaðgerðirnar Faglig 1. maifront (Verkalýðssamfylking 1. maí) verða ekki aðeins stærstu aðgerðir 1. maí í Noregi - eins og undanfarin ár, heldur þær langstærstu!

STANS POLITIVOLDEN
BRYGGEARBEIDERA
OSLO BRYGGEARBEIDERES FORENING
TILLUTTA FAGLIG 1 MAIFRONT 1977
SLÅ SAMMEN
ÅMOT
STREIKEN 77:
KRAFT SOM KLASSEN
GJENNOM LØN TIL SEIER

Deild hafnarverkamanna í Faglig 1.maifront-aðgerðum í Osló í fyrra.

Verkafólkið

Frh. af bls. 3

við kröfur þess, en í raun stagl-aðist hann á því að "leysa þyrfti málin í rólegheitum" - til hagsbóta fyrir atvinnurekendurna!

Í stað þess að taka undir kröfur verkafólksins á Kirkjusandi um að berja óskoraðan rétt verkafólksins inn í höfuð Kirkjusands-stjóranna í eitt skipti fyrir öll, þá valdi hann málamyndalausn "til að halda friðinn". Það að uppsagnirnar voru dregnar til baka var samstöðu verkafólksins að þakka,og aðeins henni. Guðmundur J. og Þórunn eiga engann heiður skilið fyrir það.

Þetta er sigur verkafólksins, sem stóð sig frábærlega vel,en í raun er þetta sjálfsagt aðeins upphaf að meiru. Svona tilfelli eiga trúlega eftir að endurtaka sig á Kirkjusandi.

3.ára frelsisafmæli Kampucheu

17.apríl s.l. voru liðin 3 ár frá því að Kampuchea varð frjálst undan heimsvaldasinnuðuðu oki. Sigur alþýðunnar í Kampucheu og ekki síður stórkostlegar framfarir í uppbyggingu landsins hafa espað heimsafturhaldið til æðisgenginna árása á landið og íbúa þess. Skortir þar hvergi að ljósmyndir séu falsaðar og hrottasögur búnar til,til þess að sverta landið. Ástæðan fyrir þessari lygaherferð er sú að frelsun Kampucheu gerði þjóðinni mögulegt að skapa eigið lýðræðislegt samfélag. Uppbyggingin í Kampucheu er fyrirmynd öðrum þjóðum í SA-Asíu. Þetta óttast afturhaldsseggirnir um allan heim. Þess vegna hafa þeir hafið lygaherferð,sem ekki á sína líka. Meira að segja forsprakkar bandarísku heimsvaldastefnunnar, sem sendu hundruð þúsunda hermanna til landsins til að drepa íbúa þess, vörpuðu meira sprengjumagni á þetta eina land en varpað var á allan heiminn í allri síðari heimsstyrjöldinni, eru komnir á kreik til að bera vitni um "þjóðarmorð" og "mannætuskap" alþýðunnar í Kampucheu. Í þessum hóp gala svo híenur íslenska afturhaldsins og fá til samfylgdar ýmsa,sem áður hafa þóst taka til orða til stuðnings alþýðu sem á í baráttu. Hver er t.d. afstaða Alþýðubandalagsins og Fylkingarinnar til Kampucheu. Er þar um að ræða stuðning við "mannætukenningar" Elínar Pálmadóttur?

Nýlegar "Kambódíu-yfirheyrslur"í Osló eru einn liður í áróðursherferðinni gegn Kampucheu.

Vegna plássleysis getum við ekki fjallað um þær núna,en síðar mun Verkalýðsblaðið taka til meðferðar og hrekja allar lygar Elínar Pálmadóttur og samherja hennar í krossferðinni gegn Kampucheu.

Verkalýðsblaðið sendir baráttufúsri alþýðunni í Kampucheu og forystu hennar heillakveðjur í tilefni 3 ára þjóðfrelsis.

Lifi frjáls Kampuchea!



Aydınlık

Kuruluş yılı 1921
Kurucusu SEFİK HÜSNÜ

BÜTÜN ÜLKELERİN İŞÇİLERİ VE EZİLEN HALKLAR, BİRLEŞİN!

ÇARŞAMBA
22
MART 1978
250 KURUŞ

Blaðið AYDINLIK, sem er tyrkneskt byltingarblað,hóf göngu sína sem dagblað 20. mars s.l. Aydinlik er í forystu fyrir baráttu alþýðunnar fyrir sjálfræði, lýðræði og byltingu - gegn risaveldunum báðum og bandamönnum þeirra í Tyrklandi.

Blaðið kom fyrst út árið 1921,þá gefið út af hinum mikla leiðtoga tyrkneskra öreiga Sefik Hüsnü. Það blað var svo bannað. Blaðið hóf göngu sína á ný 1968 og var enn bannað af herforingjastjórninni 1971. Síðan var Aydinlik gefið út sem tímarit,en kom svo út vikulega 1974.

Á tæpum 4 mánuðum safnaði blaðið 7265.000- TL (u.þ.b. 100 milljónum ísl.króna) til útgáfunnar meðal verkalýðs og annarar alþýðu í Tyrklandi og meðal tyrkneskra verkamanna erlendis.

Verkalýðsblaðið óskar Aydinlik til hamingju með þennan mikla áfanga.

Varaformaður KÍM

Sýnir undarlegt þekkingarleysi

Laugardaginn 15. apríl s.l. birtist í Vísi opnuviðtal við Jakob Benediktsson, varaformann Kínversk-íslenska menningarfélagsins. Viðtal þetta fjallaði að mestu um aðra hluti en Kína, svo sem mikið og merkt framlag Jakobs til málvísinda og málrannsókna á Íslandi, en Jakob hefur verið forstöðumaður Orðabókar Háskólans um langan aldur og unnið þar gott starf. Jakob hefur einnig verið formaður KÍM var það allar götur frá árinu 1953, er félagið var stofnað og allt til ársins 1975, eða í 22 ár. Ekki þarf að efa að Jakop hafi gert margt gott á þessum tíma, en því er ekki að neita að virkni félagsins var mestan hluta þessa tíma í algjöru lágmarki, jafnvel aðalfundir voru með höppum og glöppum. Félagið reis nokkuð úr láginni, er Kristján Guðlaugsson var kosinn formaður árið 1975, en best starf hefur þó núverandi stjórn undir forystu Arnþórs Helgasonar sýnt.

KÍM er að sjálfsögðu pólitískt félag. Annað er ekki hægt ef félagið á að vera raunverulegt vináttusamband Íslands og hins sósíaliska ríkis Kína. Það er hvorki íslenskri alþýðu né Kínverjum neitt gagn að starfrækt sé tannlaust "ópólitískt" félag til að sjá um þessi samskipti landanna. Enda hefur félagið tekið afstöðu í pólitískum málum, þ.e.a.s. til sósíalismans í Kína. Það er því heldur klaufalegt af varaformanni KÍM að lýsa því yfir í þessu viðtali, að KÍM hafi ekkert pólitískt hlutverk. Þetta álit varaformannsins kann að skýra ýmislegt varðandi starfsleysi félagsins undir stjórn hans.

Á aðalfundi félagsins fyrir skömmu beitti Jakob Benediktsson sér gegn tillögu sem afmarka skyldi pólitíska stöðu félagsins við þau mál er varða Kína beinlínis eða samskipti Íslands og Kína, en félagið væri að öðru leyti pólitískt óháð. Hvers vegna gerði formaðurinn þetta? Jú, hann taldi tillöguna "óþarfa", efni hennar lægi í augum uppi. Í ljósi viðtalsins í Vísi er þó hægt að geta sér til um aðrar ástæður.



Jakob Benediktsson
varaformaður KÍM

Eitt af því sem KÍM verður að taka afstöðu til er deilur Sovétríkjanna og Kína. Á afstöðu Kína til Sovétríkjanna hvílir mikill hluti af utanríkisstefnu Kínverja, m.a. kenning Maós um hina þrjá heima. Kínverjar hafa greint Sovétríki nútímans sem fasískt heimsvaldaríki. Og fasískt heimsvaldaríki getur að sjálfsögðu ekki verið "sósíalískt". Deilur Kína og Sovétríkjanna grundvallast því á gjörólíku pólitísku viðhorfi og gjörólíku þjóðskipulagi í löndunum tveim. Eftir lát Stalíns varð gagnbylting í Sovétríkjunum undir forsæti Krúsjoffs og legáta hans, m.a. fasistans sem nú ríkir þar austur frá, Brésnef. Það er því beinlínis sögulegar blekkingar sem varaformaður KÍM ber á borð í Vísisviðtalinu, er hann segir:

"Í sambandi við ágreining þessara tveggja ríkja verðum við að hafa í huga að þau hafa gjörólíka sögu að baki, og hafa búið við mjög ólíkar aðstæður. Þess vegna hefur þróunin líka orðið allt önnur í Kína heldur en í Sovétríkjunum. Það er eðlilegt miðað við aðstæðurnar."

Jakob Benediktsson segir að KÍM sé ópólitískt. En það sem hann segir um deilurnar er pólitík! Og það mergjuð pólitík! Þetta fellur glæsilega inn í þann áróður borgaralegra afla, að Kína sé aðeins styttra komið í þróuninni, og að "aðstæðurnar ráði því að Kína sé ekki orðið fasískt ríki eins og Sovétríkin. Það þarf ekki að efa að Jakobi Benediktssyni gengur aðeins gott til. En hann er einn þeirra allt of mörgu sem ekki getur né vill skilja að Sovétríkin eru ekki lengur það fordæmi sem þau eitt sinn voru. Svona er hægt að staðna í pólitískum skoðunum, læsa sig inni í röngum hugmyndum og vera svo alla ævi í sífelldri leit að afsökunum og röksemdum fyrir sínum ranga skilningi. En sem betur fer, fer þeim sósíalistum mjög fjölgandi sem gera sér grein fyrir glæpsamlegu eðli Sovétríkjanna í dag.

Félagi í KÍM

Greinaflokkur um efnahagsmál

Kökukenningin er blekking 3.grein

Ein algengustu viðbrögð við baráttu ýmissa hópa launþega fyrir bættum kjörum er þetta: "Ef þið fáið hærri laun getur það ekki leitt til annars en stórlækkaðra launa annarra. Við höfum ekki nema ákveðna köku til að skipta á milli launafólks." Þetta er kökukenningin svonefnda.

Marx og Engels þekktu líka þessa kenningu. Hún var þá sem nú ein sterkasta röksemd auðherra og um leið uppgjafarsinna í röðum verkalýðs. En Marx og Engels sýndu fram á fánýti og ósannindi þessarar kenningar á vel rökstuddan hátt. Þess vegna er þessari kenningu oft þvælt inn í fínt orðskrúð og afbakanir. Borgaralegir hagfræðingar búa til "vísindalegar" nýkenningar sem byggjast á því einu að klæða þessa kenningu einhverri nýrri skikkju. Forysta Alþýðubandalagsins hefur hallast að þessari kenningu - ásamt ASÍ-forystunni og öðrum - og kallar sig þó sósíalíska. En þessar senditíkur eru ekkert annað en endurskoðunarsinnar, svikarar við fræðikenningu verkalýðsins, marxismann.

Lítum á hvernig marxisminn hrekur kökukenninguna.

Gildi vöru

Gildi eða verðmæti fullunninnar vöru skiptist í þrennt:

1. Verðmæti vinnuaflsins, þ.e. laun launamannsins að frádregnum sköttum og opinberum gjöldum. Þetta er sá kostnaður sem auðherrann hefur af því að hafa fólk í vinnu.

2. Hráefni og viðhald framleiðslutækja, þ.e. sá kostnaður sem auðherrann hefur af að halda framleiðslutækjum sínum gangandi.

3. Gildisauki, þ.e. sú viðbót við verðmæti vörunnar sem fer fram úr beinum útlögðum kostnaði við framleiðslu hennar.

Gildisaukinn

Gildisaukinn skiptist í eftirfarandi þætti:

1. Skattar, sem renna til ríkisvalds auðstéttarinnar.

2. Auglýsinga- og stjórnunarkostnaður, sem að hluta rennur til annarra auðherra (t. d. fjölmiðla) fyrir veitta þjónustu, að hluta í ýmsan skrifstofukostnað auðherrans sjálfs, þ.á.m. laun skrifstofufólks, mútur og yfirborganir til "þægra" verkamanna.

3. Nýjar fjárfestingar, þ.e. eignaaukning auðherrans. Oft er fyrirtæki bein nauðsyn að þenjast út til að verða ekki undir í samkeppninni, en það breytir því ekki að hér er auðherrann að auðga sjálfan sig.

4. Lúxusneysla auðherrans. Hér kemur inn í - auk beins óhófs auðherrans sjálfs - að oft auðherrans hópum skyldmenna og vina hans haldið uppi af auðfyrirtækjum. Þetta kemur fram í alls kyns risnu, bílakaupum, húsakaupum, utanlandsferðum o.fl.

5. Verslunarágóði, þ.e. sá ágóði sem fæst við sölu vörunnar, ágóði vegna verðbólgu, ágóði vegna gengisfellinga o.s.frv. Í sumum tilvikum gengur hluti þessa ágóða til annarra auðherra t.d. heildsala og kaupmanna, en í öðrum tilvikum til auðherrans sjálfs, sem hefur þá sjálfur á hendi dreifingu og sölu framleiðslunnar (sbr. SÍS-einokunarhringinn).

Hvernig er hægt að hækka launin?

Það sem þarf að hækka til að bæta kjör verkalýðsins er liðurinn "verðmæti vinnuaflsins", þ.e. laun að frádregnum sköttum. Stærð þessa liðar er alls ekki föst. Hins vegar er lágmarksstærð þess föst, því að verkafólk framfleytir sér ekki nema fá ákveðin lágmarkslaun. Auðherrar reyna alltaf að halda launaliðnum eins nærri þessu lágmarki og unnt er. Hér á Íslandi hefur þeim orðið talsvert betur ágengt í því efni en víða annars staðar.

Liðurinn "hráefnis- og viðhaldskostnaður" er oft fastur, en getur í ýmsum tilvikum hækkað eða lækkað, oft án þess að auðherrann einn ráði nokkru þar um, sbr. t.d. verðhækkanir á olíu frá OPEC-löndunum. Auðherrann reynir þó alltaf að notfæra sér slíkar verðbreytingar til aukins arðráns á verkafólki.

Allir liðir gildisaukans eru mjög breytanlegir. Með lækkun þeirra er unnt að hækka laun verkafólks. Ríkisvaldið má knýja til að lækka skattana. Auglýsingakostnaður og stjórnunarkostnaður er tíðast geysihár hjá stærri fyrirtækjum og getur því vel lækkað. Kostnaður vegna nýrra fjárfestinga er einnig liður sem stórlega má skerða, einkum þegar þess er gætt að svonefndar "afskriftir" eigna ~~auðherrans~~ gera miklu meira en að standa undir viðhaldi og endurnýjun þeirra tækja sem fyrir hendi eru. Lúxusneyslu auðherrans er auðveldlega hægt að minnka eða nema brott (sem verður þó varla fyrr en í sósíalismanum) án mikillar neyðar fyrir auðherrann, fjölskyldu hans og ættingja. Loks er hægur vandi að minnka verslunarálagningu.

Þetta sýnir að kökukenningin er blekking. Launahækkanir einstakra hópa þurfa alls ekki að verða á kostnað annarra hópa verkafólks. Hitt er svo annað mál að auðstéttin og senditíkur þeirra reyna alltaf að koma því svo fyrir að gróði þeirra, óhófsneysla og eignasöfnun verði ekki fyrir hnjaski. Til að breyta þessu þarf baráttu, baráttu á grundvelli stéttabaráttunnar í þjóðfélaginu, baráttu gegn auðvaldinu og blekkingaráróðri þess, baráttu gegn þeim sem reyna að breiða yfir stéttaandstæðurnar í þjóðfélaginu, - m.a. með því að samsinna kökukenningarfjasinu í einhverri mynd þess.

(Í þessari grein átti einnig af fjalla um vísitölur. Það verður að bíða næsta blaðs, en þá verður einnig fjallað um gengisfellingar.)

Almenn kreppa auðvaldsins

Almenn kreppa auðvaldsins er kreppa í heimskerfi auðvaldsins sem heild og nær til allra hliða í efnahag, stjórnmálum og hugmyndafræði borgaralegs þjóðfélags. Í almennri kreppu auðvaldsins felst "algjört hrun auðvaldsins og fæðing sósíalísks þjóðfélags" (Lenín, Ritsafn, 27. bindi bls. 106, rússn. útg.). Hún einkennist af styrjöldum og byltingum, af baráttu milli deyjandi auðvalds og uppvaxandi sósíalisma. Þessi kreppa nær yfir tiltölulega langt tímabil upplausnar og eyðingar auðvaldsins, frá fæðingu sósíalismans og fram til sigurs hans á heimsmælikvarða. Tímabilið er langt vegna þess að forsendurnar fyrir umbyltingu í sósíalískt kerfi þróast með mismunandi hraða í hverju landi um sig.

Nokkur mikilvægustu einkenni almennrar kreppu auðvaldsins eru þessi: 1) Nýlendukerfi heimsvaldastefnunnar kemst í kreppu, undirokaðar þjóðir rísa upp hver á hæla annarri og brjóta af sér fjötra heimsvaldastefnunnar. Mikilvægust meginandstæðna í heiminum nú um stundir er einmitt andstæðan milli kúgaðra þjóða og heimsvalda- og sósíalheimsvaldastefnunnar. 2) Markaðsvandamál auðvaldsins verða sífellt djúpstæðari, þeim fylgja að framleiðslugetan er ekki nýtt að fullu og stöðugt fjöldaatvinnuleysi í auðvaldslöndunum. Allar innri andstæður auðvaldsins skerpast og dýpka. Stríðshættan eykst óhjákvæmilega. 3) Þegar fram í sækir er mikilvægasta einkenni almennrar kreppu auðvaldsins, að heimurinn skiptist í tvö algerlega andstæð þjóðfélagskerfi, kapítalisma og sósíalisma. Þetta einkenni var mjög skýrt fram til gagnbyltingarinnar í Sovétríkjunum á Krúsjoff-tímabilinu. Eftir hana varð það minna áberandi um tíma.

Almenn kreppa auðvaldsins byrjaði í fyrstu heimsstyrjöldinni í tengslum við sigur Októberbyltingarinnar í Rússlandi 1917. Októberbyltingin hafði í för með sér stórkostleg umskipti í mannlegu samfélagi, frá auðvaldskerfi til sósíalisma, og boðaði tímabil öreigabyltinga í auðvaldslöndum og nýlýðræðisbyltinga í nýlendunum. Fordæmi Sovétríkjanna þá sýndi vinnandi alþýðu um allan heim að þróa má nýtt efnahagskerfi án auðherra og að þetta efnahagskerfi, sósíalisminn undir alræði öreiganna, þróast hraðar og árangursríkar en auðvaldskerfið. Mjög hröð þróun sósíalismans í Sovétríkjunum undir forystu Leníns og Stalíns, sigur sovétherjanna yfir fasismanum og árangursrík barátta gegn heimsvaldastefnunni, gerði það allt að verkum, að almenn kreppa auðvaldsins dýpkaði enn og skerptist.

Á heimsmælikvarða var sigur kínverskrar alþýðu yfir innlendu afturhaldi og heimsvaldasinnum og svo stofnun Kínverska alþýðulýðveldisins sérlega mikilvægt. Um leið og Sovétríkin breyttust í fasískt auðvaldsríki á 6.og 7. tug aldarinnar yfirtók Kína hlutverkið sem höfuðvígi byltingarinnar og traust stoð og stytta kúgaðrar alþýðu um allan heim í frelsis- og byltingarbaráttu hennar. Nú síðast hefur sigurinn yfir gagnbyltingarklíku fjórmenninganna enn á ný staðfest þetta hlutverk Kína.

Almenn kreppa auðvaldsins er sá rammi, sem mynd dagsins í dag og um all langa framtíð fellur í. Hvernig sú mynd lítur nánar út um þessar mundir má lesa um í Ályktun um alþjóðaástandið í Verkalýðsblaðinu 14. tbl. 1977 og í Baráttuleið alþýðunnar.

Leiðin framundan er bugðótt, en víst er að auðvaldið fær ekki sín örlög flúið. En meðan auðvaldsskipulagið er við lýði, munu kreppur ætíð verða óhjákvæmilegir fylgifiskar þess.

"KFÍ/ml" að baki Gvendi

"Útflutningsbannið er öflug aðgerð"!, segir Stéttabaráttan, málgagn "KFI/ML" í 16.tbl. Þar skrifa samferðamenn Guðmundar J. og Dagsbrúnarforystunnar á þing Verkamannasambandsins í fyrra, Benedikt Kristjánsson og Sigurður Jón Ólafsson, um skrípaleik þann sem ASÍ-forystan kallar "útflutningsbann" og mega vart vatni halda af hrifningu yfir "öflugum aðgerðum"! Ekki lætur Stétta- slæðst inn í leiðarann hér og hvar.

Innan Alþýðubandalagsforystunnar í Reykjavík heyrast sífellt magnaðri raddir um að "útflutningsbannið sé ekki alveg nógu sannfærandi aðgerð" og sé ekki beint vel fallið til að afla flokknum fylgis í kosningunum í vor. Þá á að "negla" Guðmund J. og kenna honum um allt saman og reyna að útvega einhvern happadrýgri stéttasamvinnupáfa. Fyrstu daga "útflutningsbannsins" hampaði Þjóðviljinn Guðmundi J. á annari hverri síðu, en upp á síðkastið sést honum minna hampað. Endalokin gætu orðið þau að Stéttabaráttan sæti ein uppi með að hylla Guðmund J. Það væri svo sem verðugur kross á leiði "KFI/ML".

VERKALÝÐSBLAÐIÐ
ÖREIGAR OG KÚGAÐIR ALLRA LANDA SAMEINIST!

Málgagn EIK (m-l)
Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á gíró 12200-9

ÁBYRGÐARMAÐUR : ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 2500
1/2 árs áskrift: kr. 1500
Til útlanda: kr. 4000
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30, Posthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/Hverfisgötu
101 REYKJAVÍK

Skilum auðu í kosningunum!

Tvennar kosningar nálgast og atkvæðaveiðarnar eru að komast í algleyming. "Hægri eða vinstri stjórn?" er spurt og þingpallaflokkarnir gefa í skyn að þessar atkvæðagreiðslur skipti sköpum varðandi stjórnarfarið í landinu. Sjálfstæðisflokkur og Alþýðubandalag segjast fylgja andstæðum stefnum og vissulega er málflutningur þeirra í ýmsu ólíkur. En Einingarsamtök kommúnista (marx-lenínista) segja:

Hvorki hægri eða "vinstri" stjórn þingpallaflokkanna er neinn valkostur fyrir alþýðu. Skilum auðu að þessu sinni!

Hvorki alþingi né bæja- og sveitastjórnir tryggja alþýðuhag. Samt taka kommúnistar þátt í kosningum.
Hvers vegna?

1. Kosningabarátta er mikilvæg fyrir alla áróðursstarfsemi Allir fjölmiðlar eru uppfullir af loforðum og formælingum eins flokks um stefnu annars. Fundarhöld eru mikil og jafnframt er kosningabröltið í heild fyrst og fremst pólitísk herferð borgarastéttarinnar, þá er stjórnmálakerfi hennar í fullum gangi við að beina áhuga alþýðu að þingsölunum.

Af þessum sökum er afar áríðandi að raddir kommúnista heyrist í þeim gauragangi og að mikilvægasta atriði kosningabaráttu þeirra er afhjúpun hins borgaralega þingræðis. Einnig nota kommúnistar - svo sem kjör fylgi leyfir - ræðustól þings og sveitastjórna til afhjúpunar á auðvaldsskipulaginu og til upplýsingastarfs fyrir sósíalismann. Einnig þar segja þeir sannleikann um gagnsleysi þingssins fyrir alþýðu.

Í þriðja lagi er kosningaþátttaka liðskönnun fyrir kommúnista. Hún gefur mynd af fylgi þeirra—mynd af hversu stór hluti verkalýðs hefur tekið byltingarsinnaða afstöðu.

Kosningaþátttaka kommúnista getur verið tvenns konar: Annars vegar með því að bjóða fram en hins vegar með því að hvetja kjósendur til að hunsa kosningarnar og skila auðu.

EIK(m-l) álíta það baráttufræðilegt atriði hvenær kommúnistar taka þátt í kosningum á Íslandi og hvenær ekki. Staða og aðstæður ákvarða slíkt.

Nú eru útbreiddar hugmyndir meðal fólks um að kjósa ekki. Mikilvægt er að ná til þessa fólks með áróður samtakanna, en kosningarnar sem í hönd fara eru þær fyrstu sem kommúnistar hafa afskipti af síðan 1937. Í starfinu og stefnunni munu EIK (m-l) leitast við að afmarka sig skarplega frá Alþýðubandalaginu og smáhópum á borð við Fylkinguna og "KFÍ/ML".

EIK(m-l) eru auk þess ung samtök, sem enn hafa tiltölulega lítil tengsl við verkafólk.

EIK(m-l) búa sig loks undir að mæta krepputímum eða styrjöld og tilheyrandi kommúnistaofsóknum. Samtökin kæra sig því ekki um að opinbera mörg nöfn af sínu liði á meðan það er tiltölulega lítið.

Niðurstaðan af öllu þessu er sú, að samtökin bjóða ekki fram nú, en hvetja kjósendur til að skila auðu.

MAT Á ÁRANGRINUM

Hvernig geta EIK(m-l) metið árangurinn af starfi samtakanna í kosningastarfinu? Ef mikið verður um auða seðla, eða þeir verða talvert fleiri en verið hefur, má að einhverju leyti þakka það starfi samtakanna. Annars metum við árangurinn af því hversu vel tekst til að koma áróðri EIK(m-l) út og skipuleggja störf í framhaldi af kosningunum.

Kjörorð baráttunnar eru:

SNÚIÐ BAKI VIÐ ÞINGSALAFLOKKUNUM - SKILUM AUÐU Í KOSNINGUNUM!

FRAM TIL STÉTTABARÁTTU - TAKIÐ ÞÁTT Í SMÍÐI KOMMÚNISTAFLOKKS!

TIL BARÁTTU FYRIR VALDBYLTINGU OG SÓSÍALISKU ÍSLANDI!

GERUM STÉTTARFÉLÖGIN AÐ BARÁTTUTÆKJUM!

GEGN ERLENDRI ÁSÆLNI - GEGN BÁÐUM RISAVELDUNUM!

Ályktun um kosningar.

Í 9.tbl. verða tvær innsíður helgaðar kosningum. Þar mun birtast ályktun miðstjórnar EIK(m-l) um kosningarnar. Þessi ályktun er mikilvæg. Hún gerir grein fyrir afstöðu kommúnista til kosninga og er leiðbeining fyrir alþýðu í kosningabaráttunni. Tryggið ykkur Verkalýðsblaðið með því að biðja um áskrift. Sími 2 92 12 virka daga kl.17 - 19. Laugardaga kl. 13- 15.

Herstöðvaandstæðingar - gegn risaveldunum 1.maí

Eftirfarandi samþykkt var gerð á fundi hverfahóps Samtaka herstöðvaandstæðinga í Kópavogi 14. 4. '78.:

"Framundan er 1. maí. Þann dag fara fram aðgerðir sem krystalla þá pólitísku baráttu sem fram hefur farið á Íslandi að undanförnu, þar með talið andheimsvaldabaráttu.

Hverfahópur Samtaka herstöðvaandstæðinga í Kópavogi hefur tekið harða afstöðu gegn báðum risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Í framhaldi af þessu þá styður hverfahópurinn hverja þá 1. maí aðgerð sem tekur afstöðu gegn báðum risaveldunum, og hvetur alla herstöðvaandstæðinga til að taka þátt í þeim aðgerðum."


SAMFYLKING 1.MAÍ
Gegn heimsvaldastefnu og stríðsundirbúningi risaveldanna!

Útflutningsbannið Skrípaleikur

"Ef atvinnurekendur ætla að fara út í það, að brjóta gegn þessum aðgerðum okkar, þá munum við beita fyllstu hörku, sagði Guðmundur J. Guðmundsson, form. Verkamannasambandsins kokhraustur í blaðamannafundi fyrir nokkrum vikum, þegar "útflutningsbannið (sem ætti frekar að kallast útflutningsleyfi) var boðað. Margir létu blekkjast af þessu sjónarspili verkalýðsforystunnar og héldu að loksins ætluðu þeir nú að skipuleggja "harðar aðgerðir" gegn atvinnurekendum. Verkalýðsblaðið benti á, að útflutningsbann sem skipulagt væri af einstaka félögum og stjórnað af verkafólkinu sjálfu væri áhrífamikil baráttuleið, svo sem fárra ára gömul reynsla frá Vestmannaeyjum hefur t.d. sýnt. Hins vegar var því slegið föstu, að hvorki útflutningsbann né nokkur önnur aðgerð myndi skila einu eða neinu varanlegu til verkalýðsins, ef aðgerðir væru skipulagðar upp á gamla mátann: Á toppplani ASÍ-forystunnar, án samráðs við verkafólkið sem í þeim á að taka þátt. Þetta gildir því um "útflutningsbannið" hjá Verkamannasambandinu, en við hvöttum og hvetjum samt verkafólk sem hér um ræðir til að taka fullan þátt í aðgerðum og umfram allt: Taka yfir stjórn þeirra úr höndum ASÍ-forystunnar.

"Útflutningsbannið" hefur verið hreinn skrípaleikur og aðeins gagnlegt að einu leyti: Það hef hefur hjálpað til að afhjúpa starfshætti, og þjóðfélagsstöðu toppmanna í verkalýðshreyfingunni, fyrir launafólki. Auðherrarnir í fiskiðjuverunum og útflutningsgreinum hafa ekki þurft að óttast gróðaskerðingu af völdum þessara sérstæðu aðgerða Verkamannasambandsins.

Um leið og frystiklefar hafa náð að fyllast og þar með myndast þrýstingur á auðherrana að koma til móts við kröfur verkafólks, hafa auðherrarnir sent forystu Verkamannasambandsins línu og fengið undanþágu til að tæma klefana til útflutnings! Þar með er auðvitað öllum grundvelli kippt undan raunverulegu útflutningsbanni, en Guðmundur J. segir að "aldrei hafi verið ætlunin að stöðva framleiðsluna"!
Hann vill "semja frið á milli stéttanna í þjóðfélaginu", "frið" sem byggist á því að halda gróðahagsmunum atvinnurekenda óskertum, en jafnframt að lægja óánægjuraddir í röðum verkafólks og afvegaleiða baráttu þess. Atvinnurekendur hafa "keypt Guðmund J. til sín" fyrir hluta gróða síns og hann er ekki talsmaður hagsmuna verkalýðsins.

Við endurtökum kjarna málsins:

1. Verkafólk verði virkt í útflutningsbanninu, noti tækifærið til að ræða stöðuna og umfram allt taki stjórn aðgerða í eigin hendur. Eigin verkfallsnefnd stýri framhaldinu.

2. Þess verði krafist að settar verði fram kröfur um 150 þús. kr. í lágmarkskaup, en það er hliðstæður kaupmáttur, miðað við óbreyttar aðstæður, og var eftir kjarasamningana vorið 74.

3. Verkafólk almennt beiti sér fyrir aðgerðum á eigin vinnustað og minnist þess að kjarabarátta sem skipulögð er af ASÍ-forystunni getur aldrei og mun aldrei bera árangur.

Hvers vegna 3 kröfugöngur 1.maí

Ágreiningur um grundvallatriði

Þrjár aðgerðir verða í Reykjavík 1. maí: Á vegum SAMFYLKINGAR 1. MAÍ, á vegum Rauðrar verkalýðseiningar og Baráttueiningar, og sú þriðja á vegum fulltrúaráðs verkalýðsfélaganna. Þarf þetta svo að vera? Getur liðið allt ekki sameinast um "eina stóra og glæsilega aðgerð í stað sundrungar?" spyrja margir.

Aðstandendur SAMFYLKINGAR 1. MAÍ svara þessari spurningu afdráttarlaust neitandi. "Klofningurinn" er ekki tilkominn vegna sérvisku fáeinna forystumanna ýmissa stjórnmálafylkinga, heldur greinir menn á um stefnu og markmið í baráttunni, jafnvel greinir menn á um hvort yfirleitt eigi að berjast gegn auðvaldi og afturhaldi!

"Kröfur" og aðgerðir fulltrúaráðsins eru í anda stéttasamvinnustefnu og undansláttar gagnvart auðvaldinu, sem forystulið ASÍ og BSRB eru fyrst og fremst fulltrúar fyrir. "Kaupkröfur taki mið af þjóðarhag"(les: hag atvinnurekenda); "Forðumst að skaða framleiðsluna (les: gróða atvinnurekenda) með verkfallsaðgerðum"; "Látum lokaðar klíkur ASÍ og BSRB annast samningamakkið"! Þetta gætu verið kjörorð fulltrúaráðsins og ASÍ/BSRB. Gegn þessu setur SAMFYLKING 1. MAÍ fram kjörorðin: Eining á grundvelli stéttabaráttu! Gegn stéttasamvinnustefnunni! Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum! Lágmarkskaup verði 150 þús. kr.! Kvennabarátta á grundvelli stéttabaráttu! o.fl.

Kjarninn í stefnu SAMFYLKINGAR 1. MAÍ er efling baráttustefnu alþýðu á öllum sviðum - gegn auðvaldi og afturhaldi. Stefna BSRB/ASÍ er hins vegar sú að afvegaleiða og draga úr baráttunni, til að vernda hagsmuni atvinnurekenda og ríkisvalds þeirra. Á þessu er grundvallarmunur og því er óhugsandi að SAMFYLKING 1. MAÍ og fulltrúaráðið eigi samleið.

RVEI OG BARÁTTUEINING

Þá eru það sameiginlegar aðgerðir Rauðrar verkalýðseiningar og Baráttueiningar (Fylkingarinnar, "KFÍ/ML" og Rauðsokkahreyfingarinnar). Þessir aðilar hafa gengið í hjónasæng á lúpulegum og bitlausum stefnugrundvelli, sem er eins almennur og opinn í báða enda og hugsast getur. Það liggur við að höfuðkjörorðin séu "GEGN ÖLLU RANGLÆTI" og síðan geti hver og einn sem þátt tekur í gamninu túlkað þau út og suður eftir eigin haus!

Meðal kjörorða má finna eitt gullkorn: "Tökum ekkert tillit til hagsmuna atvinnurekenda"! (raunverulegir baráttusinnar taka tillit til "hagsmuna atvinnurekenda" - þeir berjast fyrir því að skerða gróða þeirra og afnema hann síðan í sósíalismanum!). Engar beinar kjarakröfur er þarna að finna og aðilar sættust á að salta baráttuna gegn heimsvaldastefnunni, að mestu. Á Sovétríkin má auðvitað ekki minnast, þar sem Fylkingin er nokkurs konar 5. herdeild sovéska fasismans á Íslandi. Með þessu liði samfylkir "KFÍ/ML"!

SAMFYLKING 1. MAÍ er því eina aflið sem heldur á lofti kröfum um baráttu gegn allri heimsvaldastefnu 1. maí - og þá sérstaklega baráttu gegn risaveldunum, Bandaríkjunum og Sovétríkjunum, og stríðsundirbúningi þeirra.

GRUNDVALLARÁGREININGUR

Eins og hér hefur verið sýnt fram á, er ágreiningurinn innan verkalýðshreyfingarinnar ekki minni háttar, heldur varðar hann grundvallaratriði. SAMFYLKING 1. MAÍ fylgir baráttustefnu sem er ósættanlega andstæð undanslætti, svikum og orðagjálfri fulltrúaráðsins, ASÍ/BSRB og Rauðrar verkalýðseiningar/Baráttueiningar. SAMFYLKING 1. MAÍ er lítt þekkt og ung hreyfing og stefna hennar á sér ekki traustar rætur enn sem komið er meðal verkalýðs og alþýðu. En framtíðin er vissulega hennar og sá hópur sem starfar nú á grundvelli baráttustefnunnar mun stöðugt stækka.

EIK(m-l) líta á það sem sitt höfuðverkefni að leggja þessari baráttu lið og hvetja alla aðstandendur SAMFYLKINGAR 1. MAÍ til að minnast þess, að þó mikilvægt sé að starfa vel að 1. maí-aðgerðum í ár, þá er hitt mikilvægara: Að rótfesta baráttustefnuna og starfa samkvæmt henni alla aðra daga ársins. Við eigum verk að vinna, sem er að ENDURREISA VERKALÝÐSHREYFINGUNA SEM BARÁTTUTÆKI!